

1865.

8. febrúar.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um Hallormstaðar skóg¹.

Með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. ágústmán. 1862, barst dómsmálastjórninni eptirrit af prófi, sem sýslumaðurinn í Suðurmúla sýslu, er þá var, hafði haldið í nóvembermánuði 1860 útaf því, að grunur læk á um, að sèra Hjálmar sálugi Guðmundsson hefði farið ólöglega með skóga prestssetursins Hallormstaðar, og fylgdu álitsskjöl sýslumanns og prófests þess, er hlut áttu að máli, um þetta einnig með bréfi yðar. Skjöl þessi voru síðan send kirkju- og kennslustjórninni, og sendum vèr yður nú eptir beiðni hennar meðfylgjandi eptirrit af skýrslu um ástand skóganna, sem liggja undir Hallormstaðar brauð, og hefir presturinn, sem nú er þar, samið hana að tilhlutun kirkju- og kennslustjórnarinnar. Skal því bætt við, að eptir því, sem ástatt er, þykir eigi ástæða til að fara lengra úti þetta mál.

18. febrúar.

13. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um kollektusjóð Jóns Eiríkssonar handa fátækum brauðum í Hóla stípti.

Af reikningi þeim, sem þèr, háæruverðugi herra, á ári hverju hafð samið um þá 150 rd. af vöxtunum af hinum svenefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, er samkvæmt bréfi hins fyrveranda danska kansellís frá 15. aprílmán. 1841 er útbýtt til styrktar hinum fátækustu prestum í fyrveranda Hóla stípti, hefir kirkju- og kennslustjórnin sèð, að fè þessu hefir eptir uppástungu amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, sem þèr hafð fallizt á, verið útbýtt í undanfarin ár meðal 9 eða 10 fátækustu brauðanna í norðurumdæminu. Af þessu leiðir, að sá hluti, sem hvert af brauðum þessum hefir fengið, er oflítill,

¹) Smbr. Tið. um stjórnarmálefni Íslands 1. bindi, 365. bls.